

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 110/2001

frá 28. september 2001

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2001 frá 19. júní 2001⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1073/2000 frá 19. maí 2000 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1437/2000 frá 30. júní 2000 um breytingu á C-hluta VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2020/2000 frá 25. september 2000 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 207/93 um skilgreiningu á innihaldi VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 og breytingu á C-hluta VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og ábendingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 238, 6.9.2001, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 119, 20.5.2000, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 161, 1.7.2000, bls. 62.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 241, 26.9.2000, bls. 39.

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32000 R 1073:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1073/2000 frá 19. maí 2000 (Stjtið. EB L 119, 20.5.2000, bls. 27),
- **32000 R 1437:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1437/2000 frá 30. júní 2000 (Stjtið. EB L 161, 1.7.2000, bls. 62),
- **32000 R 2020:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2020/2000 frá 25. september 2000 (Stjtið. EB L 241, 26.9.2000, bls. 39).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54e (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 207/93) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32000 R 2020:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2020/2000 frá 25. september 2000 (Stjtið. EB L 241, 26.9.2000, bls. 39).“

3. gr.

Texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1073/2000, 1437/2000 og 2020/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. september 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

E. Bull

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann